

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 23. febrúar 2004

Efni: Umsögn Háskólans í Reykjavík um frumvarp til laga um lögmenn, 463 mál.

Virðulega allherjarnefnd,

Umsögn Háskólans í Reykjavík nær eingöngu til þeirra ákvæða í ofangreindu frumvarpi sem varða almenn menntunarskilyrði til öflunar málflutningsréttina fyrir héraðsdómi, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Að mati Háskólans í Reykjavík felur frumvarpið í sér nauðsynlegar breytingar á menntunarskilyrðum þeirra sem afla vilja sér réttinda til málflutnings í héraði, að teknu tilliti til þess að fleiri háskólar en Háskóli Íslands bjóða nú nám í lögfræði. *Um er að ræða mikilvægt réttindamál m.a. gagnvart þeim nemendum sem stunda laganám við aðra háskóla en Háskóla Íslands.*

Skv. nógildandi 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um lögmenn er það gert að skilyrði að sá sem sækir um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður skuli hafa lokið svonefndu embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands. Eina undantekningin sem frá þessu er gerð nær til einstaklinga sem kunna að hafa lokið laganámi erlendis enda telji sérstök prófnefnd sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á íslenskum lögum. Heimilt er að láta slíka umsækjendur gangast undir sérstakt próf til að sanna þekkingu sína.

Í lögum hér á landi er ekki að finna almennar efnisreglur eða “staðla” um inntak laganáms. Þannig hefur lagadeild Háskóla Íslands ekki verið bundin af slíkum ákvæðum eða kröfum við skipulagningu þess náms sem deildin býður uppá. Er það vel. Laganám þarf að þróast eins og annað háskólanám og engin ein “formúla” er fyrir góðu laganámi, hvort sem námið á að leggja grundvöll að starfi við málflutning, dómastarfi eða öðrum þeim störfum sem lögfræðingar hafa með höndum. Tilvísun í nógildandi lögum um lögmenn til embættisprófs frá lagadeild HÍ er að sjálfsögðu barn síns tíma og fyrst og fremst afleiðing af þeirri stöðu að við setningu laganna var laganám hér á landi ekki stundað við aðra skóla en Háskóla Íslands.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er m.a. lagt til að ekki verði lengur meginskilyrði fyrir öflun málflutningsréttinda að viðkomandi hafi lokið embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands heldur verði það skilyrði sett að viðkomandi hafi lokið fullnaðarnámi í lögfræði, með embættis- eða meistaraþrófi, við lagadeild háskóla sem viðurkenndur sé af menntamálaráðuneytinu samkvæmt lögum um háskóla. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að með fullnaðarnámi sé til þess vísað að viðkomandi hafi

lokið heildstæðu laganámi, bæði grunn og framhaldsgráðu eða embættisprófi. Með þessu skilyrði sé til þess litið að eðlilegt sé að gera þá kröfu að lögmenn hafi öðlast þekkingu á helstu grunngreinum lögfræðinnar, svo sem réttarheimildafræði og lögskýringum, kröfurétti, skaðabótarétti, refsirétti og réttarfari þótt sjálfsgagt sé æskilegt að lögmenn hafi þekkingu á ýmsum öðrum sviðum lögfræðinnar.

Skilyrði um fullnaðarnám í lögfræði í framangreindum skilningi felur að mati Háskólans í Reykjavík í sér skynsamlega efnislega viðmiðun að því er réttindaöflun til málf lutnings varðar jafnframt því að gefa þeim háskólum sem slíkt nám bjóða nauðsynlegt svigrúm til námsþróunar og sérhæfingar.


Háskólinn í Reykjavík starfar m.a. á grundvelli laga nr. 136, 1997 um háskóla. Lögin eru reist á því sjónarmiði að yfirstjórn hvers háskóla taki ákvörðun um hvaða nám sé stundað við skólann, inntak þess og fyrirkomulag. Í lögunum segir m.a. að háskóli skuli veita nemendum sínum menntun til að gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu þar sem æðri menntunar sé krafist og ennfremur að námskröfur í háskóla skuli jafnan svara til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis. Sjálfstæði háskóla samkvæmt lögum til að ákveða námsframboð og inntak þess náms sem skólinn býður er veigamikil grunnregla og um hana ber að standa vörð.

Menntamálaráðherra hefur samkvæmt háskólalögunum eftirlit með gæðum þeirrar menntunar sem háskólar veita. Þá er skólunum sjálfum ætlað að hafa virkt eftirlit með gæðum kennslu og hæfni kennara (innra gæðaeftirlit).

Skipulag laganáms hér á landi er án nokkurs vafa best komið í höndum hvers háskóla, undir gæðaeftirliti menntamálaráðuneytisins. Að sjálfsögðu munu þeir háskólar sem bjóða slíkt nám standa vörð um gæði þess. Almenn er viðurkennt að tilkoma samkeppni á sviði lagamenntunar hafi þegar haft mjög jákvæð áhrif. Þá þróun verður að styðja eftir því sem unnt er og afnema nú þegar alla lagalega mismunun byggða á því frá hvaða háskóla laganemar útskrifast.

Virðingarfyllst,

f.h. Háskólans í Reykjavík



Þórður S. Gunnarsson
forseti lagadeildar